



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Nafn leikskóla



2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda	8
5 Innra mat sérkennslu	12
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
8 Foreldrasamvinna.....	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
10 Fylgiskjöl.....	16



Leiðarljós leikskólans: Leikur-Samskipti-Námssgleði

1 Greinargerð leikskólastjóra :

Starfsárið 2023-2024 fór vel af stað og allar stöður fullmannaðar. Innleidd var viðverustefna á meðal starfsfólks við góðar undirtektir og hefur það gengið mjög vel. Markmið með innleiðingunni var að halda uppi faglegu starfi og skerða ekki þjónustu. Fyrirkomulag styttingar vinnuviku var breytt og brugðið á það ráð að hafa annan hvern föstudag sem vinnustyttingardag. Sveigjanleiki starfsfólks jókst sem gerði það að verkum að fyrirkomulagið reyndist mjög vel og markmið okkar er að halda áfram að hafa vinnustyttingu með þessu fyrirkomulagi næsta vetur.

Undirrituð fékk fastráðningu sem leikskólastjóri fyrir áramót og gerð voru starfslok við fráfarandi leikskólastjóra. Starfsmannahópurinn er samheldinn og margir sem starfa hér með mikla starfsreynslu í leikskóla. Hefðir, gildi og menning skipa stóran sess í leikskólastarfi hér í Maríuborg og höldum við fast í þær hefðir sem skapast hafa og bætum og auðgum við starf okkar í takt við skólaþróun. Innra og ytra mat hefur verið mikið í umræðunni og höldum við fagfundi til að ígrunda starf okkar og metum jafn óðum. Áhersla hefur verið lögð á að vinna eftir lærdómssamfélagi þar sem fólk lærir hvort af öðru. Það hefur reynst vel og hvetur starfsfólk til að vera fyrirmyndir í starfi og kenna þeim sem ungir eru. Deildarstjórar sóttu námskeið sem nefnist Starfsþróun fyrir deildarstjóra sem boðið var upp á og reyndist það mjög gagnlegt og eflandi. Rauði þráðurinn í námskeiðinu var dreifð stjórnun og hefur það valdeflt starfsfólk inn á deildum að vera treyst fyrir verkefnum og gerir það að verkum að deildarstjórar hafa meira rými til að sinna hlutverki sínu.

Teymisvinna var innleidd á eldri kjarna og vinna deildarstjórar í góðri samvinnu. Kosturinn við innleiðinguna er að börnunum gefst tækifæri á að tengjast börnum af annarri deild og leikrýmið eykst. Starfsfólk blandast meira á milli deilda og auðveldara er að jafna út starfsfólki ef einhvern vantar í hús. Skýr verkaskipting er á milli starfsfólks og lagt var upp áður en teymisvinnan var innleidd að allir væru með ákveðið hlutverk. Við munum fara yfir umbótaþætti þar sem svona innleiðing tekur tíma þar til hún festist í sessi. Teymisvinnan kom vel út er stefnan er að innleiða hana á yngri kjarna í haust en sú undirbúningsvinna er hafin. Áætlað er að ræða helstu þætti sem hafa þarf í huga í innleiðingu á teymisvinnu á næsta skipulagsdegi í haust.



Skipulagsdagur þetta skólaár voru vel nýttir til að efla faglega starfið. Við fengum fyrirlestur sem fjallaði um heimsspeki barna og var hann mjög áhugaverður. Anna Steinsson kom á vegum Kvan og var áhersla fyrirlestursins að auka á góða vinnustaðarmenningu og var frábært að fá hana. Við sátum námskeið sem ber yfirheitið Verndari barna og er forvarnarverkefni á vegum Barnaheilla gegn kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Við höfum nýtt Torgið vel og skipt okkur upp í hópa og hver hópur skrifar hjá sér hvað var áhugaverðast í fræðslunni og miðlar svo til samstarfsfólksins síns. Einnig sátum við skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins og mjög brýnt er að sitja þau námskeið á 2 ára fresti til upprifjunar. Innra mat fór fram og starfsmenn fylltu út laufblöð og stjórnur sem felur í sér hvað er gott sem er gert og hvað þarf að fara í umbætur með. Að lokum tókum við þátt í Menntastefnumóti Reykjavíkur og var gagnlegt að fá tækifæri að skoða aðra starfsstaði.

Næsta skólaár leggst vel í okkur hér í Maríuborg. Hér ríkir almennt góð vinnustaðarmenning og hér er gott að vera. Við leggjum mikið upp úr að gott traust myndist á milli samstarfsfólks, barna og foreldra og hér er vettvangur til að hafa hreinskipt samskipti. Við vinnum eftir samskiptarsamning starfsmanna Maríuborgar en í honum er lagt upp með að vera jákvæð, heiðarleg og hreinskilin og hefur þessi samningur sannarlega reynst okkur vel.

Agnes Veronika Hauksdóttir

Leikskólastjóri í leikskólanum Maríuborg



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Samvinna	Starfsfólk fyllti út blöð	Allir starfsmenn í húsi	Samvinna hefur aukist og mikil ánægja með það
Teymisvinna	Með viðtölum	Deildarstjórar	Góð innleiðing en þarf að dýpka nokkar þætti fyrir næsta vetur
Vinnustytting	Starfsfólk fyllti út blöð	Allir starfsmenn í húsi	Mikil ánægja og meiri samvinna og sveigjanleiki í starfi
Viðverustefna	Með viðtölum	Allir starfsmenn í húsi og foreldrar	Lang og skammtímevikindum hefur fækkað sem hefur áhrif á traust starfsfólks gagnvart hvort öðru.
Lýðræði	Með viðtölum við börn og starfsfólk	Starfsfólk og börn	Lýðræðið hefur aukist mikið, börnin flæða meira á milli svæða, listaverkin eru eftir þeirra áhugasviði
Lestraráttak	Aukin lestur og afrakstur sýndur á veggjum	Starfsfólk, foreldrar og börn	Áhugi og metnaður stóraukist gagnvart lestri. Í skólanum er langur lestrarormur



Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Farsæld barna	Á fundum	Stjórnendateymi, börn	Fundin sameiginleg lausn og unnið eftir því
Lausnar-teymi	Á fundum	Stjórnendateymi	Skýrslur og úrlausnir sem henta hverju barni
Aðalnámsskrá	Á fundum	Starfsfólk leikskólans	Áherslu nýrra Aðalnámsskrá rædd og unnið er eftir þeim áherslum sem koma fram
Torgið	Viðtölum og fundum	Starfsfólk leikskólans	Skipulagsdagar og undirbúningstímar nýttir í fræðslu



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Dreifð forysta	Valdefla starfsfólk og virkja þau til ábyrgðar	Dreifa verkefnum, treysta, fylgja eftir og vinna í teymum	Stjórnendur	Ágúst 2024		Starfsþróunarviðtöl á miðjum vetri og lok annar	Gerð vera matsblöð
Teymisvinna	Virkja samábyrgð	Dreifa ábyrgð og verkefnum	Stjórnendur	2024	2025	Fundir, innra mat	Starfsánægja
Uppeldis- og menntastarf							
Lærdómssamfélag	Starfsfólk læri hvert af öðru	Samtal og fræðsla	Stjórnendur	2024	2025	Á fagfundum	Þróun skólastarfs
Símenntun	Auka fræðslu á Torginu	Skapa meiri umræðu um Torgið	Deildarstjórar	2024	2025	Á fagfundum	Skráningar á Torginu
Mannauður/ Leikskólabragur							
Valdefla starfsfólk	Að sýna meira frumkvæði	Hvetja og styðja	Stjórnendur	2024	2025	Með skráningum	Sýnileg vinna
Innra mat							
Innra mat	Auðga starfið og meta	Blöð sem starfsfólk fyllir út	Stjórnendur	2024	2025	Á skipulagsdegi og á fagfundum	Rýnt verður í fyrri niðurstöður

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025



4 Innra mat Deilda

Þúfa og Laut/ýngri kjarni

Veturinn 2023-2024 voru 16 börn á Þúfu og 18 börn á Laut og eru börnin fædd á árunum 2020-2023.

Starfið á yngri kjarna var mjög ánægjulegt í vetur og dagskipulagið gekk vel fyrir sig. Börnin upplifðu gott dagskipulag á deildum og voru því tilbúin að fara úr einum lið í þann næsta og hjálpaði einnig sjónrænt skipulag á vegg þar. Við náðum nánast undantekningalaust að fara út að leika og fórum við einnig í ferðir og göngutúra um hverfið okkar. Við náðum að skipta barnahópnum vel niður á sameiginlegu svæðin innanhús og deildirnar unnu mikið saman sem gerði það að verkum að börnin gátu því oft valið hvar þau léku sér hverju sinni.

Börnin sýndu mikinn áhuga í samverustundum. Samverustundirnar eru á hverjum degi fyrir hádegismat kl. 11:25-11:45. Á mánudögum fræðumst við um fugla og blómategundir Íslands. Börnin sýndu fljótt mikinn áhuga á fuglakennslunni og bjuggum við til veggspjald af hinum ýmsu fuglategundum svo þau hefðu alltaf tækifæri til að skoða. Á þriðjudögum kemur Lubbi í heimsókn og kennir okkur mállhljóðin. Á miðvikudögum fræðumst við um litina, á fimmtudögum um tölustafi og á föstudögum er Blæstund, þar sem við myndum umræður um vináttu og tilfinningar með börnunum. Við miðum umræðuefnin, lögin, bækurnar og leikina sem við notum í samverustund mikið af áhugasviði barnanna. Börnin fá jafnframt að stýra samverustundinni alfarið á afmælisdegi sínum.

Þátturinn sem við vildum koma betur inn í starfið í vetur voru hljóðfærastundir. Það gekk mjög vel. Við byrjuðum á því að finna með börnunum lög sem væri skemmtilegt að spila við. Við lékum á hristur við lögin Hreyfa litlar fingur (eða þá Hreyfa litlar hristur) og Mýslu Tíslu Táslu Túslu og trommuðum við Norðanvind, Upp á grænum hól og Út um Mela og móa. Einnig skiptust börnin á að leika á sílófón og nýttum við hann til að fræðast um litina.

Annað sem eflidist verulega í vetur var sjálfshjálp barnanna. Við lögðum meiri áherslu á að börnin gengu frá eftir matmálstíma og fengu hlutverk eins og skila þvotti í þvottahús með kennara. Börnin voru hvött til að klæða sig í og úr útifötum sjálf eða þá að nota orðin sín til að biðja um aðstoð. Einnig voru börnin dugleg að aðstoða hvert annað. Þetta var skemmtileg þróun og viljum við endilega halda þessari áherslu áfram.



Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Teymisvinna með Laut. Við viljum auka samstarf milli Þúfu og Lautar í haust.	Við munum skipta börnunum í litla vinnuhópa þar sem börn af Þúfu og Laut á sama aldri geta unnið saman og átt meiri samskipti. Við getum haft stöðvar, verkefnavinnu og málörvunarstundir með hópunum.	Starfsfólk á Þúfu og Laut.	Við upphaf skólaárs, þegar öll börn hafa lokið aðlögun sinni.	Við lok skólaárs.	Metum með skráningu og verkefnavinnu.	Betri samvinna milli deildanna og aukin tenging milli Þúfu-og Lautarbarna.

Brekka og Lundur/ eldri kjarni

Skólaárið á Brekku og Lundi var fróðlegt, skemmtilegt, lærdómsríkt og eflandi

Brekka var með 20 börn í tveimur árgöngum á deildinni, 11 börn í skólahóp sem eru fædd 2018 og 8 börn fædd 2019. Í byrjun apríl bættust þrjú börn við fædd 2020.

Lundur var með 22 börn í tveimur árgöngum, 9 börn í skólahóp fædd 2018 og 13 börn fædd 2019.

Við innleiddum teymisvinnu á milli Brekku og Lundar þetta árið sem fól í sér aukna samvinnu á milli deilda leggja áherslu á að börnin tengdust betur á milli deilda og munum við halda áfram að vinna saman í teymi framvegis. Að vinna í teymi hefur margar kosti og skilar meiri ánægju hjá starfsfólki, eykur á samvinnu og bæði hjá starfsmönnum og börnum.

Í elsta árganginum voru 20 börn (fædd 2018), sem við köllum Skólahóp. Í þeim hóp vinna elstu börn leikskólans að verkefnum sem felast í undirbúning fyrir komandi grunnskólagöngu. Skólahópur vann í Snillingahefti þar sem unnið er með bókstafi, tölustafi og fínhyringar. Unnið var með Lubbi finnur málbein en innlögnin er hluti af okkar læsisstefnu sem gefur kost



á fjölbreyttum kennsluáðferðum. Börnin fóru í skipulagðar heimsóknir í Ingunnarskóla einu sinni í mánuði. Skólahópur vann þemaverkefni og börnin völdu sjálf viðfangsefni sem þau vildu læra um og urðu fuglar fyrir valinu. Rauði þráðurinn í skólasterfinu var aukið lýðræði og voru börnin virk í að koma með hugmyndir af þeim verkefnum sem þau vildu taka fyrir.

Skólahópur fór reglulegar vettvangsferðir sem voru í boði fyrir okkur. Einnig vorum við dugleg að fara út fyrir garðinn með öll börnin í skólahóp í styttri ferðir.

Í næstelsta árganginum voru 21 börn (fædd 2019) sem hittust einu sinni á dag og unnu ýmisa verkefnavinnu sem felur í sér að undirbúa sig fyrir komandi grunnskólagöngu.

Báðir hópar unnu með hópahæfti þar sem ákveðið er þema í hverjum mánuði og þar er komið inn á litavikur, fjölskylduna, leikskólann og margt fleira skemmtilegt. Mikið var um aukna sjálfshjálpi eins og alfarið að klæða sig sjálf og skammta sér í matartímum. Blær vináttubangsi kom reglulega í heimsókn til barnanna og námsefnið snýst um að efla vinsemd. Danstímar voru einu sinni í viku fyrir báða hópa þar sem að danskennari kenndi þeim grunnspor í samkvæmisdans. Á vorönn var svo danssýning fyrir foreldra og gafst þeim þá kostur á að sjá afrakstur danskennslu vetrarins.

Brekka náði að nokkru leyti að vinna með þá umbótaþætti sem við lögðum upp með. Börnin voru þátttakendur í að skipuleggja starfið og aukið var á lýðræði. Blær var mjög sýnilegur fyrir börnin en markviss vinna með hann festist ekki í sessi eins og lagt var upp með í haust.

Lundur náði að vissu marki að vinna að umbótaþáttum sem settir voru en nýr deildarstjóri kom inn í haust og aðrar áherslur með. Aukið var á vinnu með Lubba og málleiki sem tengjast honum. Unnið var markvisst varðandi fræðslu um líkamann.

Á næsta skólaári munum við auka enn á teymisvinnu og mun nýr deildarstjóri koma á Lund og fráfarandi deildarstjóri mun verða verkefnastjóri yfir skólahóp. Hans hlutverk verður að halda utan um teymisvinnu ásamt því að hafa danskennslu fyrir elstu og næstelstu börnin. Hún mun halda utan um þemavinnu sem hefur verið í þróun síðast liðnu ár og skipuleggja vettvangsferðir.

Mariustofa

Á Mariustofu er 13 börn fædd 2020 og þrjú starfsmenn.

Í vetur var lögð áhersla á uppbyggileg og jákvæð samskipti og hlustað á sé á þeirra sjónamið og lagt var upp með að þau beri virðingu fyrir hvort öðru. Blær var mikið notaður en hann



styður við vináttu og hvernig við getum brugðist við ef upp koma aðstæður sem þarf að leysa. Lagt var upp með frjálsa leikinn og börnunum skipt upp í hópa og rýminu skipt niður svo næði skapist fyrir þau. Starfsmenn lásu bók um frjálsa leikinn og mikilvægi hans og skilaði sú vinna sér mjög vel.

Samskipti við foreldra gekk mjög vel og veturinn í heild sinni. Börnin voru fljót að aðlagast og vel fór um okkur í Maríustofu.

Á næsta skólaári verða 14 börn á Maríustofu og munum við skipta hópnum upp og verða sjö börn í hvorum hóp. Helmingur barna mun fara út fyrir hádegi og seinni helmingur eftir hádegi.

Umbótaráætlun	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Flæði í matartímanum	Hver og einn hópur skiptist á að borða frammi	Starfsmenn sjá um hópaskiptingu	Haust 2024	Deildarstjórar og aðrir starfsmenn	Í lok annar	Skráningar í dagbækur
Skipting á barnahópnum	Skipta börnunum meira niður í minni hópa	Nýta svæði í húsinu betur	Haust 2024	Allir starfsmenn	Í lok annar	Fylgjast með svæðaskiptingum og skráningum í dagatali
Vettvangsferðir yngri barna	Auka ánægju barna og víkka sjóndeildarhring	Auka ferðir utan leikskóla	Haust 2024	Allir starfsmenn	Í lok annar	Fest daga niður fyrir ferðir í dagatal eða dagbók
Frjáls leikur á gólfi	Fækka borðum og kennari sé þátttakandi í leik	Minnka setu á stólum	Haust 2024	Allir starfsmenn	Í lok annar	Festa tíma í dagsskipulagi



Einingarkubbar	Auka rýmisgreind og stærðfræði	Grunninnlögn með litlum hópum	Haust 2024	Deildarstjórar/ verkefna- stjóri	Í lok annar	Setja fastar stundir og skráningar
----------------	--------------------------------	-------------------------------	------------	----------------------------------	-------------	------------------------------------

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í haust var útbúin einstaklingsnámskrá fyrir hvert og eitt barn.</p> <p>Við vorum með 3 börn í fyrsta flokki og fólst stuðningurinn þeirra mest í barnahópnum sjálfum, en öll fóru þau í einstaklingsþjálfun þar sem unnið var með þá þætti sem þurfti að vinna með. Við leggjum mikla áherslu á að börn sem eru með stuðning séu alltaf hluti af barnahópnum og að allir kennarar taka sameiginlega ábyrgð.</p> <p>Við notumst við einstaklingsnámskrá og fyllum út gátlista.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matsgögnin sem við notumst við eru AEPS,HLÓM -2, EFI og gátlistar</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Spil, bækur og Sögubox</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Funda reglulega með stuðningaðilum	Auka fræðslu, bera saman bækur okkar	Sérkennslustjóri	Ágúst 2024	Júní 2025	Fundagerðir skráðar	Samantekt frá öllum stuðningsaðilum.

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Við keyptum spil og bækur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með sjónrænt skipulag á öllum deildum, Lubbi finnur málbein, loðtöflusögur og Gefðu 10
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Börnunum er skipt upp í minni hópa og lögð er áhersla á að leggja orð á allar athafnir sem við framkvæmum og endurtökum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum verið að notast við hæfniramma en þurfum að taka okkur á í þeim. Við vinnum með gátlista sem við fylgjumst með framförum



Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við teljum okkur vera vinna nokkuð vel með fjöltyngdu börnin hjá okkur, við skiptum þeim í smærri hópa með það að markmiði að auka málskilning og tjáningu.
---	---

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Vinna meira og betur með Hæfniramma	Virkja fleira starfsfólk, kynna fyrir fleirum	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Ágúst 2024	Júní 2025	Niðurstöður úr hæfnirömmunum	Samantekt frá öllum deildarstjórum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars 2024. Leikskólastjórinn og aðstoðarleikskólastjórinn tóku samtölin við hvern og einn starfsmann. Skrifaðir voru niður helstu þætti sem fram komu og svo voru þeir ræddir við deildarstjóra. Almenn komu starfsþróunarsamtölin vel út og talar nýtt starfsfólk um hversu vel er tekið á móti og eflist með hverjum deginum. Samstarfið hefur gengið vel á milli deilda og starfsfólk vinnur í teyllum á eldri kjarna og innleidd verður teymisvinna á yngri kjarna í haust með það að markmiði að hafa þverfaglegt nám.

Leikskólastjóri sótti námskeið sem nefnist lærdómssamfélag. Það gafst kostur á að hitta aðra leikskólastjóra einu sinni í mánuði og umræðurnar voru byggðar á fræðilegum bakgrunni.



Fræðslan nýttist vel út á vettvang og m.a. skipti starfsfólk niður með sér lesefni sem fór fram í lærdómssamfélagi leikskólastjóra og miðlaði sín á milli og stuðlaði það að góðri og gagnlegri endurmenntun.

Við munum nýta skipulagsdagana vel í starfsþróun og starfsfólk hvatt til að koma með hugmyndir af fræðsluefni. Við hvetjum starfsfólk að kynna sér það efni á Torginu sem í boði eru.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ingunnarskóli er hverfisskóli Maríuborgar og fara flest börn frá okkur þangað. Við erum í góðu samstarfi við skólana næst okkur og gerum allt til að brúa bilið á milli leik-og grunnskóla. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda þeim að byrja á nýjum stað, auka öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og koma þannig öruggari í nýjan skóla.

Heimsóknir yfir í grunnskóla eru tíðar yfir veturinn og er markmið með heimsóknum að börnin verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurum, sjái aðbúnað og kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn. Í maí fara síðan börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í frístundarheimilið Stjörnuland. Í þeirri heimsókn er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin leika sér þar og borða að því loknu í matsal Ingunnarskóla.

8 Foreldrasamvinna

Við í Maríuborg leggjum mikið upp úr góðum samskiptum við foreldra. Sérstök áhersla er lögð á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem við kemur barninu og eru allir stjórnendur skólans boðnir og búnir að ræða málin.

Foreldraráð Maríuborgar er skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð á haustin þegar foreldrafundir fara fram. Foreldraráð vinnur í góðri samvinnu við leikskólastjóra um starf leikskólans og fundar eftir þörfum um stærri mál varðandi starfið.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru sex talsins. Fyrsti skipulagsdagurinn verður 30. ágúst og munum við nýta þann dag í starfsmannafund, skipuleggja starf vetrarins og sækja okkur fróðleik á Torginu. Næsti skipulagsdagur verður 27. september og síðasti skipulagsdagurinn verður 22. nóvember. 6. febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur en sá dagur er tileinkaður degi leikskólans. 10. mars verður einnig skipulagsdagur og næsti eftir það 5. maí

Dagskrá skipulagsdaganna verður sett niður eftir óskum frá starfsfólki og því sem fram kom í starfsþróunarsamtölum. Margskonar viðburðir hafa fest sig í sessi í Maríuborg og munu einnig eiga sinn sess skólaárið 2024-2025. Þar má helst nefna litamánuði sem tengjast því þema sem unnið er með í hópahæftunum en einnig ýmsum átökum í Þjóðfélaginu líkt og Bleika slaufan í október sem er bleikur mánuður hjá okkur. Þá verður fjölskyldukaffi í kringum afmæli leikskólans í nóvember og ömmu og afa kaffi í tengslum við þorrann. Að sjálfsögðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2024-2025 í fylgiskjali.

10 Fylgiskjöl

11 Umsögn foreldraráðs

" Starfsemi Maríuborgar hefur gengið vel síðasta vetur. Það er greinilegt að áherslur nýs leikskólastjóra á mannauð og mönnun starfseminnar hafa skilað sér því skólastarfið hefur gengið án þess að borið hafi á manneklu. Slíkt er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir bæði börnin og foreldra til að skapa traust og einnig til að halda festu í leikskólastarfinu.

Í starfsáætlun leikskólastjóra, sem er mun styttri og skýrari en fyrri starfsáætlanir hafa verið, er gerð grein fyrir því hvernig skólastarf vetrarins fór fram og einnig hvernig fyrirhugað er að haga því næsta vetur. Í daglegu starfi má nefna að aukin hefur verið samvinna milli deildanna Lundar og Brekku þar sem eldri börnin eru og hafa bæði börnin sjálf og starfsfólk verið almennt ánægð með þá ráðstöfun. Næsta vetur er stefnt að sams konar samstarfi milli deildanna Þúfu og Lautar sem eru einnig hlið við hlið en þar eru yngri börnin á leikskólanum. Engin ástæða er til að ætla annað en að það gangi jafn vel.

Grunnstarfsemi deilda er svipuð og verið hefur þar sem hver deild vinnur með tiltekna þætti í samræmi við þroska barna auk þess að setja sér markmið í umbótaráætlun þannig að þróun í leikskólastarfi muni halda áfram.



Varðandi starfsemina annars þá gefur innra mat til kynna að samvinna, vinnustytting og viðverustefna hafi haft jákvæð áhrif á líðan og ánægju starfsfólks og þá virðist vera nokkuð markviss fræðslustefna innan leikskólans sem er vel. Þá er jákvætt að starfsfólk sjái umbótataækifæri í störfum sínum og leggi hreinskilið mat á þætti sem gengið hafi vel sem og þá þætti sem betur mættu fara. Ljóst er að starfsfólk Maríuborgar leggur sig fram við að halda uppi metnaðarfullu starfi á markvissan hátt til að þroska og þróa börnin okkar til að takast á við framtíðina sína.

Þá má einnig nefna nú er búið að ráða nýjan aðstoðarleikskólastjóra sem hefur störf fljótlega auk þess sem stefnt er að því að ráða í stöðu sérkennslustjóra á næstunni.

Foreldraráð hefur kynnt sér og samþykkt starfsáætlun fyrir skólaárið 2024-2025."

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans

Agnes Veronika Hauksdóttir _____ 15.ágúst 2024 _____
Leikskólastjóri Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Áslaug Karen Jóhannsdóttir

María Guðlaug Hrafnsdóttir

Halla Tinna Arnardóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. S	1. P	1. F	1. S	1. M	1. L	1. L	1. P	1. F	1. S	1. P
2. F	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. S	2. S	2. M	2. F	2. M	2. M
3. L	3. P	3. F	3. S	3. P	3. F	3. M	3. M	3. F	3. L	3. P	3. F
4. S	4. M	4. F	4. M	4. M	4. L	4. P	4. P	4. F	4. S	4. M	4. F
5. M	5. F	5. L	5. P	5. F	5. S	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. L
6. P	6. F	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F	6. F	6. S	6. P	6. F	6. S
7. M	7. L	7. M	7. F	7. L	7. P	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L	7. M
8. F	8. S	8. P	8. F	8. S	8. M	8. L	8. L	8. P	8. F	8. S	8. P
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M	9. M
10. L	10. P	10. F	10. S	10. P	10. F	10. M	10. M	10. F	10. L	10. P	10. F
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. P	11. P	11. F	11. S	11. M	11. F
12. M	12. F	12. L	12. P	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. L
13. P	13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. F	13. F	13. P	13. P	13. F	13. S
14. M	14. M	14. M	14. F	14. L	14. P	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L	14. M
15. F	15. S	15. P	15. F	15. S	15. M	15. L	15. L	15. P	15. F	15. S	15. P
16. F	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S	16. M	16. F	16. M	16. M
17. L	17. P	17. F	17. S	17. P	17. F	17. M	17. M	17. L	17. L	17. P	17. F
18. S	18. F	18. M	18. M	18. M	18. L	18. P	18. P	18. M	18. S	18. M	18. F
19. M	19. L	19. P	19. P	19. F	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. L
20. P	20. S	20. M	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. S	20. P	20. F	20. S
21. M	21. M	21. M	21. L	21. L	21. P	21. F	21. F	21. M	21. M	21. L	21. M
22. F	22. P	22. P	22. F	22. S	22. M	22. L	22. L	22. P	22. F	22. S	22. P
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M	23. M
24. L	24. P	24. F	24. S	24. P	24. F	24. M	24. M	24. F	24. L	24. P	24. F
25. S	25. F	25. F	25. M	25. M	25. L	25. P	25. P	25. F	25. S	25. M	25. F
26. M	26. F	26. L	26. P	26. F	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F	26. L
27. P	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. S	27. P	27. F	27. S
28. M	28. L	28. M	28. P	28. L	28. P	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L	28. M
29. F	29. S	29. P	29. F	29. S	29. M	29. L	29. L	29. P	29. F	29. S	29. P
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. S	30. S	30. M	30. F	30. M	30. M
31. L	31. F	31. F	31. M	31. P	31. F	31. M	31. M	31. L	31. L	31. L	31. L

Í reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskóli Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfríi. Leikskólasiðjóni ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólasiðjónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

